



Naustaskóli

Starfsáætlun 6.-7. bekkjar fyrir veturinn 2018-2019

Hulda Björk Snæbjörnsdóttir - umsjónarkennari
Kolbrún Sigurgeirsdóttir – umsjónarkennari
Kristín Margrét Gísladóttir – umsjónarkennari
Stefán Smári Jónsson – umsjónarkennari
Særún Magnúsdóttir – umsjónarkennari
Þóra Ýr Sveinsdóttir – umsjónarkennari
Guðrún Valdís Eyvindsdóttir - stuðningsfulltrúi
Gunnar Örvar Stefánsson – stuðningsfulltrúi

Efnisyfirlit

Námsumhverfi/skipulag	3
stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag.....	3
kennsluhættir/ hvaða aðferðir verða notaðar	3
samstarf umsj.kennara og íþrótta/list- og verkgreinakennara	3
hvernig eru nemendur upplýstir um markm/ið?	3
áætlun/áform.....	3
námsaðlögun/skipulag hennar/hvaða leiðir eru farnar	4
hvernig eru kennsluáætlanir útfærðar og birtar, hvernig má nálgast þær	4
Námsgreinar.....	4
Stærðfræði:	4
Íslenska / þema:	4
Enska og danska:	4
Jákvæður agi:	4
Upplýsingatækni:	5
Útikennsla:	5
Námsmat.....	5
Foreldrasamstarf.....	6
Teymisvinnan	6

Námsumhverfi/skipulag

Í vetur verða 95 nemendur í 6. - 7. bekk – 51 í 6. bekk og 44 í 7. bekk. Það eru 6 umsjónarhópar, 3 í 6. bekk og 3 í 7. bekk. Smiðjuhópar eru árgangaskiptir og eru smiðjurnar 4 talsins. Sund og íþróttir eru einnig árgangaskipt. Aðrir hópar sem nemendur fara í eru m.a. hringekju- og þemahópar, tungumálahópar og stærðfræðihópar.

stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Unnið verður í stærðfræði a.m.k. fjóra daga vikunnar þar sem nemendur vinna ýmist í sínum umsjónarhóp eða í árgangaskiptum stærðfræðihópum. Einu sinni í viku sest umsjónarkennari niður með nemanda og fer yfir stöðu hans. Fjölbreytt stærðfræðikennsla verður einnig kennd í hringekjum.

Á miðvikudögum og fimmtudögum eru þematímar þar sem fléttað er saman íslensku, upplýsingamennt, tungumál, samfélags- og náttúrufræði samkvæmt markmiðum. Þemahópar eru aldursblandaðir.

Danska verður kennd í nokkrum lotum yfir veturinn þar sem farið verður yfir helstu grunnþætti tungumálsins með fjölbreyttum kennsluáttum. Enska hefur einn fastan tíma í stundaskrá og verður einnig kennd í hringekjum og samþætt þemakennslu.

Bekkjarfundir eru 2-3 í viku þar sem spjallað verður um líðandi stundir og farið yfir verkefni Jákvaðs aga á skipulagðan hátt ásamt því að leysa ýmis mál sem upp koma.

Á föstudögum er 30 mínútna söngstund - Söngvaflóð - sem unnin er í samvinnu við kennara frá Tónlistarskóla Akureyrar. Nánar á <http://www.tonak.is/is/tonaflod>

kennsluhættir/ hvaða aðferðir verða notaðar

Kennsluhættir í vetur munu miða sérstaklega að því að gera nemendur að virkum þátttakendum í námi og starfi. Fjölbreyttur nemendahópur kallar á að aðferðirnar sem beitt er til náms og kennslu séu sveigjanlegar og að aðlögun þeirra að þörfum ólíkra einstaklinga sé auðveld og þægileg. Lögð verður áhersla á að öll vinna við lausnir verkefna sé með fjölbreyttasta móti, líkt og í formi talaðs máls/tjáningar (þá sérstaklega í ensku/dönsku), óhefðbundinnar vinnu með texta, notkunar á tölvu og ýmis hugbúnaðar og hjálpartækja (t.d.veforðabóka) við lausn verkefna, myndrænna verkefnaskila og mikið verður lagt upp úr skapandi skrifum. Lögð verður áhersla á samvinnu nemenda m.a. með samvinnunámi. Í vetur verður því kennslusvæðið nýtt til hins ýtrasta og nemendur gerðir eins sjálfbærir og sjálfstæðir í vinnubrögðum og hægt er.

Samstarf umsj.kennara og íþróttalist- og verkgreinakennara

Samstarf milli umsjónarkennara og list- og verkgreinakennara er ekki fast mótað fyrir veturinn en munum við leita til list- og verkgreinakennara í tengslum við ákveðin þemu.

Hvernig eru nemendur upplýstir um markmið?

Áhersla verður lögð á að gera námsmarkmið sýnilegt í kennslu og verða markmið rædd í upphafi hverrar lotu / þema og þeim haldið á lofti í allri vinnu. Í lokin verður rætt við nemendur um hvernig tókst að ná settum markmiðum og það metið.

Áætlun/áform

Nemendur áætla með umsjónarkennara í stærðfræði einu sinni í viku. Þar gefst umsjónarkennara tækifæri til að setjast niður með hverjum og einum, fara yfir hvernig námið gengur og setja hverjum nemenda markmið.

Námsaðlögun/skipulag hennar/hvaða leiðir eru farnar

Við munum leggja okkur fram við að mæta þörfum hvers og eins nemenda í viðfangsefnum hverju sinni t.d. með því að hafa misþung verkefni og skipta upp í hópa eftir þörfum þeirra ásamt því að útbúa til einstaklingsnámsskrár fyrir þá sem þurfa.

Hvernig eru kennsluáætlanir útfærðar og birtar, hvernig má nálgast þær

Á kennsluáætlunum má sjá markmið hverrar lotu, leiðir sem farnar verða til að ná þessu markmiðum og hvernig námsmat fer fram. Kennsluáætlanir má sjá á Mentor.

Námsgreinar

Stærðfræði: Í stærðfræði er unnið í lotum út frá markmiðum annarinnar. Í upphafi hverrar lotu eru innlagnir og vinna nemendur að sömu markmiðum á mismunandi hátt. Nemendur vinna stærðfræði í aldursskiptum hópum, umsjónarhópum og hringekju. Nemendur taka könnun í lok hverrar lotu þar sem að markmið lotunnar eru metin og skráð í Mentor (hæfnikort). Til að efla sjálfstæði í vinnubrögðum áætla nemendur vikulega vinnu sína í stærðfræði.

Íslenska / þema: Tekin verða fyrir nokkur þemu í vetur þar sem samþætt verða íslenska, upplýsingamennt, samfélags- og náttúrufræði. Í íslensku verður lögð áhersla á lesskilning, ritun og málfræði og notum við til þess bækurnar *Orðspor 2 og 3*, *Söguskinnu*, *Töfraskinnu*, *Smellur 1*, *Mál í mótun* og *Mál er miðill*.

Áhersla verður lögð á heimalestur þar sem nemendur vinna ýmis lestrartengd verkefni yfir veturinn og skila til kennara.

Dagur íslenskrar tungu er einnig upphafsdagur Stóru upplestrarkeppninnar sem 7. bekkur tekur þátt í. Fulltrúar Naustaskóla verða valdir í febrúar og munu þeir síðan taka þátt í lokahátíðinni sem fer fram 7. mars.

Í þemum gefast nemendum tækifæri til að vinna að sköpun við útfærslur verkefna. Unnið verður eftir markmiðum og leiðum *Byrjendalæsis* og *Læsi til náms*.

Eftirtalin þemu verða kennd í vetur:

- Benjamín dúfa
- Vísindapema
- Trúarbrögð
- Norðurlönd
- Mannslíkaminn
- Vísindapema

Enska og danska: er kennd á fjölbreytta vegu þar sem lögð er áhersla á að efla orðaforða, hlustun, ritun og tal. Tungumál verða samþætt öðrum námsgreinum.

Jákvæður agi: Í vetur verða bekkjarfundir fast í stundaskrá tvisvar í viku þar sem spjallað verður um líðandi stundir og farið yfir verkefni jákvæðs aga ásamt því að leysa ýmis mál sem upp koma. Fundirnir, uppbygging þeirra og framkvæmd er m.a. ætlað að veita nemendum tækifæri til að tjá sig í öruggu umhverfi, þróa samskiptahæfni sína, læra af mistökum og leysa deilumál á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Upplýsingatækni: Upplýsingatækni er samþætt við þemavinnu nemenda þar sem þeir fá tækifæri til að spreyta sig á og kynnast ólíkum forritum, bæði á borð- og spjaldtölvum. Áhersla verður lögð á að kenna nemendum á umhverfi Google Classroom, auk þess verður farið í grunnþætti forritunar.

Útikennsla: Ekki verður fastur tími fyrir útikennslu í vetur en munum við fara út og nýta umhverfi Naustaskóla til kennslu, hreyfingar og fleira. Farið verður með námshópa í vettvangsferðir í tengslum við þemu þar sem nýting nærumhverfis er hluti af kennslunni.

Ný aðalnámskrá: Aðalnámskrá grunnskóla verður höfð til grundvallar í öllu starfi í vetur. Sex grunnþættir menntunar sem aðalnámskráin leggur áherslu á eru lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti, sköpun og læsi. Allir þættirnir munu fá sinn tíma og verða samofnir verkefnum, námi og kennslu.

Sú lykilhæfni sem aðalnámskráin setur fram verður kynnt fyrir nemendum bæði í formi umræðna og verkefna ásamt því að samtvinnast daglegu starfi. Tillit verður tekið til einstaklingsmiðunnar og unnið að samræmingu samfélagslegra markmiða sem og þeirra markmiða er snúa að menntun sérhvers nemenda. Á þennan hátt verður aðalnámskránni beitt til að skerpa skólastarfið og byggja tengsl milli markmiða og kennsluáherslna.

Námsmat

Í vetur munum við vinna að tilraunaverkefni með rafrænar matsmöppur í gegnum Mentor umhverfið. Matsmöppum verður skilað 3svar sinnum yfir veturinn og munu þær innihalda ýmiskonar verkefni sem nemendur vinna yfir veturinn. Möppunum er ætlað að vera kennaranum verkfæri til mats og nemendum og foreldrum verkfæri til samræðu um störf nemandans. Ætlast er til að foreldrar og nemandi fari saman yfir innihald möppunnar og ræði það. Að vori velja síðan nemendur úr verkefnum vetrarins til að setja í safnmöppu sem fylgir hverjum nemanda í gegnum nám hans í Naustaskóla. Sem dæmi um verkefni sem finna má í matsmöppunni í vetur eru:

- Íslenska: ritunar- og málfræðiverkefni, lesskilningur, heimalestrarblöð og önnur verkefni tengd íslensku.
- Stærðfræði: kannanir sem nemendur taka í lok hvernar lotu ásamt aukaverkefnum
- Enska og danska: ýmiskonar verkefni
- Þema: verkefni tengd þema hverju sinni
- Smíðjur: verkefni frá smíðjukennurum

Námsmatið í vetur mun meðal annars byggjast á:

- Skráningum í markmiðalista (hæfnikort) inn í Mentor
- Símati / matsmöppum
- Reglulegum nemendasamtölum
- Sjálfsmati
- Félagamati
- Sóknarkvörðum
- Umsögnum
- Skriflegum og munnlegum könnunum

Lokamatið í vor byggist á markmiðalistum (hæfnikortum) á Mentor og umsögn umsjónarkennara.

Þar sem námsmatið er samtvinnnað skólastarfinu, en ekki sérstakur og aðskilinn hluti þess, auðveldar það nemendum og kennurum að meta stöðuna í náminu jafnt og þétt. Að sama skapi veitir slíkt fyrirkomulag kennaranum svigrúm til að bregðast við niðurstöðum matsins áður en í ófni er komið.

Foreldrasamstarf

Að hausti er kynningafundur og foreldraviðtal og aftur foreldraviðtal á vorönn. Vikupóstar með fréttum og ástundun verða sendir í tölvupósti vikulega. Biðjum við foreldra að hafa samband ef eitthvað er og að sjálfsögðu eru þeir alltaf velkomnir í skólann.

Við leggjum áherslu á að heimalestri sé sinnt daglega og að foreldrar fylgi því eftir ásamt því að fylgjast með öðru námi barna sinna.

Teymisvinnan

Kennarateymi vetrarins er skipað sex umsjónarkennurum, fimm í 100% stöðu og einn í 70% ásamt tveimur stuðningsfulltrúum. Unnið er út frá eftirtöldum markmiðum fyrir teymiskennslu samkvæmt stefnu skólans, en þau eru:

- markvissir bekkjarfundir tvisvar í viku
- hlutverkaleikir og leikir notaðir á bekkjarfundum og í allri kennslu
- nemendaviðtöl þrisvar á skólaári
- stundvísi nemenda og starfsmanna og tíminn í skólanum nýttur vel
- skólasáttmálinn kynntur og haldið á lofti í vetur
- nemendur og starfsfólk temji sér snyrtilega umgengni sama hvar þau eru stödd
- viðmið um hegðun séu skýr og farið sé eftir þeim, starfsfólk sé samstíga í vinnu sinni
- nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og starfshætti í skólanum
- reyna að tengja áhugasvið nemenda við nám þeirra
- nemendur séu meðvitaðir um þau markmið sem verið er að vinna að hverju sinni

Teymið setur sér eftirfarandi markmið í vetur:

- *halda markvissa bekkjarfundi, ná góðum tókum á verkfærum JA og deila því til nemenda*
- *fjölbreyttir kennsluhættir, s.s. samvinnunám, forritun, lausnarleit*
- *markviss og staðföst – eftirfylgni í öllu starfi*
- *sýnileg markmið, leiðir og námmat*
- *auka sjálfstæði nemenda og gera þau meðvitaðri um eigið nám m.a. með því að kynna þeim Mentor umhverfið*
- *einbeita okkur að því að vinna vel saman, stuðla að jákvæðum starfsanda og hjálpa hvert öðru*

Teymið fundar með stjórnanda á fimmtudögum ásamt því að hafa skipulagsfundi á miðvikudögum. Starfsmannafundir / kennarafundir / deildarfundir / vinnuhópar eru á þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum.

Hlutverk teymisformanns, fundarritara og ritara föstudagspósts rúlla á milli umsjónarkennara.

Lögð er áhersla á að eiga góð samskipti við alla starfsmenn skólans. Einnig verða samráðsfundir milli teyma í skólanum. Á þessum fundum munum við ræða málefni líðandi stundar, læra hvert af öðru og skipuleggja samstarfsverkefni.

Ársáætlun 2018-19 Bekkur: 6. – 7. bekkur Kennarar: Hulda, Kolbrún, Stefán, Stína, Særún & Þóra					
	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Þema (náttúrufrr, samfélagsfr. og upplýsingat ækni)	Hópefli	Benjamín dúfa	Benjamín Dúfa	Benjamín Dúfa Vísindape ma	Trúarbrögð
Íslenska	Upprifjun í málfræði & stafsetningu Ritun(frjáls) Lesskilningur yndislestur	Samræmdu prófin Hraðlestrarpróf Yndislestur Ritun, Húnaferð/Uppby gging ritunnar Lesskilningur Málfræði: Nafnorð Stafsetning	(Nefnuhraði) Yndislestur Ritun: Bókmenntir Lesskilningur Málfræði:Lýsin garorð Stafsetning	Orðarún Yndislestur Ritun: Bókmenntir Lesskilningur Málfræði / stafsetning Dagur íslenskrar tungu Undirbúning ur fyrir stóru upplestrakep pnina hefst	Yndislestur Ritun: frjáls ritun Lesskilningur Málfræði / stafsetning Ljóð
Stærðfræði	6. bekkur: lota 1 – tölur og reikningur 7. bekkur: upprifjun & lota 1 - Tölur & reikningur	6.bekkur: lota 1 - Tölur & reikningur 7. bekkur: upprifjun & lota 1 - Tölur & reikningur	6. bekkur: lota 2 - Líkur & Lota 3 - Tugabrot 7. bekkur: lota 1 (12. okt) & lota 2 - Tölfræði & líkur	6. bekkur: lota 3 – Tugabrot & lota 4 - Rúmfræði 7. bekkur: lota 2 - Tölfræði & líkur (2. Nóv) lota 3 - Margföldun & deiling (23. Nóv) Lota 4 - rúmfræði	6. bekkur: lota 4 - Rúmfræði 7. bekkur: lota 4 – Rúmfræði (14. des) Miðannakönnun
Danska			6. & 7. bekkur Orð á nánasta umhverfi. Tøj og farver	6. & 7. bekkur Dagene Tal Familien	6. & 7. bekkur Klokken Jul i Danmark <i>Lært í gegnum leik, munnlegar</i>

			Hvor kommer du fra? Kroppen <i>Lært í gegnum leik, munnlegar æfingar, hlustun og einfalda ritun.</i>	<i>Lært í gegnum leik, munnlegar æfingar, hlustun og einfalda ritun.</i>	<i>æfingar, hlustun og einfalda ritun.</i>
Enska		Hlustun, ritun orðaforði, samskipti Einstaklings- og hópavinna. <i>Lært í gegnum leik, munnlegar æfingar, hlustun og einfalda ritun.</i> Nafnorð	Hlustun, ritun orðaforði, samskipti Einstaklings- og hópavinna. <i>Hlustun og einfalda ritun.</i> Literacy Planet forrit kynnt til leiks. Samþætting íslensku (Benjamín Dúfa)	Hlustun, ritun orðaforði, samskipti Einstaklings- og hópavinna. Unnið í Literacy Planet -Lýsingarorð Samþætting íslensku (Benjamín Dúfa)	Hlustun, ritun orðaforði, samskipti Einstaklings- og hópavinna. Unnið í Literacy Planet Jól um víða veröld Samþætting samfélagsfræði (Trúarbrögð)
Íþróttir	Göngutúrar og hlaup um nærumhverfi – einfaldur leikur	Útiíþróttir, leikir, hlaup og göngutúrar í nærumhverfi skólans. Bandý og spaðaiþróttir	Blak og boltaleikir í formi stöðvahringja og leikja. Bardagaíþróttir og dans.	Danskynning frá dansskóla. Körfuboltaþema – Körfuboltamiðaðir leikir og stöðvar.	Leikir og samvinna. Tarsanleikur.
Verkgreinar	<u>Smíðar:</u>	<u>Heimilisfræði:</u>	<u>Myndmennt:</u>	<u>Textílmennt:</u>	
Jákvæður agi	Bekkjarsáttmáli	Að skapa venjur Störfín í bekknum Sjálfsstjórn	Sjálfstjórn Griðastaður Tilfinningahjólíð Svipbrigðaveggsþjald Það pirrar mig... Hlustun 1, 2 og 3 Mál a dagskrá	Að efla samvinnu Að kanna vald Boltinn látinn ganga Leitað lausna Lausnaleit Lausnahjólíð Lausnastaður	Æfa hrós og þakkir 1,2 og 3 Að virða fjölbreytileikann Þetta er ósanngjarnt Settu þig í mín spor

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí
Þema (náttúrufr., samfélagsfr. og upplýsingatækni)	Norðurlönd	Norðurlönd Líkami mannsins	Líkami mannsins Árshátíð	Líkami mannsins Árshátíð	Líkami mannsins Vísindapema 2
Íslenska	Hraðlestrarpróf Yndislestur Ritun: Uppbygging ritunnar Lesskilningur Málfræði / stafsetning	Yndislestur Ritun Lesskilningur Málfræði / stafsetning Undirbúningur fyrir stóru upplestrarkepp nina	Orðarún Yndislestur Ritun Lesskilningur Málfræði / stafsetning Stóra upplestrarkepp nin (4.mars + 20.mars)	Yndislestur Ritun, Hugtök Lesskilningur Málfræði / stafsetning Ljóð	Hraðlestrarpróf Yndislestur Ritun Lesskilningur Málfræði / stafsetning
Stærðfræði	6.bekkur: lota 5 - Mælingar 7. bekkur: lota 5 – Mælingar (1. feb)	6.bekkur: lota 6 – Almenn brot 7. bekkur: lota 6 – Almenn brot & prósentur	6.bekkur: lota 7: Margföldun & deiling 7. bekkur: lota 6 – Almenn brot & prósentur (5. mars) lota 7 - Reikningur	6.bekkur: lota 7 & lota 8 – Hnitakerfi & hlutföll 7. bekkur: lota 7 – Reikningur (10. apríl) lota 8 – Mynstur & algebra	6.bekkur: lota 8 + upprifjun 7. bekkur: lota 8 – mynstur & algebra (17. maí) Lokakönnun 20. – 28. maí)
Danska	6. & 7. bekkur Mad De fire årstider Film <i>Lært í gegnum leik, munnlegar æfingar, hlustun og einfalda ritun.</i>	6. & 7. bekkur Kroppen og sykdom Klokken Mit hjem <i>Lært í gegnum leik, munnlegar æfingar, hlustun og einfalda ritun.</i>	6. & 7. bekkur Hus og hjem <i>Lært í gegnum leik, munnlegar æfingar, hlustun og einfalda ritun.</i>	6. & 7. bekkur Hus og hjem Fødselsdag <i>Lært í gegnum leik, munnlegar æfingar, hlustun og einfalda ritun.</i>	6. & 7. bekkur Danmark som reisemål Dyr og Zoo <i>Lært í gegnum leik, munnlegar æfingar, hlustun og einfalda ritun.</i>

Enska	Hlustun, ritun Skilningur Einstaklings- og hópavinna. Unnið í Literacy Planet Samþætting í samfélagsfræði i (Norðurlönd)	Hlustun, ritun Skilningur Einstaklings- og hópavinna. Unnið í Literacy Planet Samþætting í samfélagsfræði (Norðurlönd)	Hlustun, ritun Skilningur Einstaklings- og hópavinna. Unnið í Literacy Planet Samþætting í samfélagsfræði (Líkami mannsins)	Hlustun, ritun Skilningur Einstaklings- og hópavinna. Unnið í Literacy Planet Samþætting í samfélagsfræði (Líkami mannsins)	Hlustun, ritun Skilningur Einstaklings- og hópavinna. Unnið í Literacy Planet Samþætting í samfélagsfræði (Líkami mannsins)
Íþróttir	Handbolti – kynning frá handboltadeild inni. Stöðvar. Leikir og spil.	Fimleikar – kynning frá fimleikadeildin ni. Þrek, stöðvar og fleira. Boltaíþróttir – farið í ýmsar boltagreinar.	Frjálsar íþróttir – sett fram í stöðvum, kynningu á greinum og fleira.	Útiíþróttir – frjálsar íþróttir, útihlaup og fleira.	Útiíþróttir – hjólreiðar og fótbolti.
Jákvæður agi	Hugstormun og hlutverkaleikur Nemendur og forfallakennarin n Við ákváðum – leiðbeiningar fyrir bekkjarfund (góð upprifjun eftir jólafrí)	Mistök og hvernig við leiðréttum þau Lærum af mistökum Fyrirgefðu ... Hvernig við biðjumst afsökunar	Að skilja og nota töfluna um ástæður mismunandi hegðunar Tafla um ástæður mismunandi hegðunar Ástæður mismunandi hegðunar og við	Hvatning 1,2,3,4 og 5	Útileikir/prautir/ ratleikir til að styrkja samkennd og samvinnu nemenda

Verkgreinar		<u>Myndmennt:</u>	<u>Heimilisfræði:</u>	<u>Smíðar:</u>	<u>Textílmennt:</u>
				Nemendur vinna að einu stóru skylduver kefni þar þau nýta kunnáttu sína við að vinna með timbur. Vinna með málm og nota lóðbolta og tin við einfaldar lóðningar	